

Afkoma Arion banka á fyrstu sex mánuðum ársins 2012

Afkoma Arion banka á fyrri helmingi ársins 2012 var jákvæð um 11,2 milljarða króna eftir skatta samanborið við 10,2 milljarða króna á árinu 2011. Arðsemi eigin fjár var 18,8% samanborið við 20,3% á sama tímabili árið 2011. Arðsemi af reglulegri starfsemi var 11,8% en var 11,2% á sama tímabili árið 2011. Árshlutareikningurinn fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2012 er kannaður af endurskoðendum bankans.

Eiginfjárlutfall bankans í lok tímabilsins var 22,3% en í lok annars ársfjórðungs 2011 var það 21,4%. Krafa Fjármálaeftirlitsins kveður á um 16% eiginfjárlutfall.

Helstu atriði árshlutareikningsins:

- Hagnaður eftir skatta nam 11,2 mö.kr. samanborið við 10,2 ma.kr. á sama tímabili 2011.
- Hagnaður annars ársfjórðungs nam 6,8 mö.kr. samanborið við 7,2 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi 2011.
- Hagnaður af reglulegri starfsemi nam 7,0 mö.kr. samanborið við 5,8 ma.kr. á síðasta ári.
- Rekstartekjur námu alls 24,9 mö.kr. samanborið við 24,5 ma.kr. 2011.
- Hreinar vaxtatekjur námu 13,9 mö.kr. samanborið við 11,2 ma.kr. árið 2011.
- Arðsemi eigin fjár var 18,8% en var 20,3% árið 2011. Arðsemi af reglulegri starfsemi var 11,8% samanborið við 11,2% á sama tímabili í fyrra.
- Vaxtamunur af meðalstöðu vaxtaberandi eigna var 3,4% á tímabilinu samanborið við 3,2% árið 2011.
- Launakostnaður hækkar um 12% milli ára, m.a. vegna nýs fjársýsluskatts á laun starfsmanna fjármálafyrirtækja sem nemur 5,45%.
- Reiknaður tekjuskattur nam 2,9 mö.kr. samanborið við 2,5 ma.kr. á sama tímabili 2011, sem er m.a. vegna nýs 6% skatts á hagnað fjármálafyrirtækja umfram 1 ma.kr.
- Eiginfjárlutfall var 22,3% samanborið við 21,4% á sama tíma 2011.
- Lausafjárlutfall bankans var 32% sem er vel yfir 20% kröfu FME.
- Reiðufjárlutfall bankans var 14%, en FME gerir kröfu um 5%.
- Útlán til viðskiptavina í lok tímabilsins námu 578,9 mö.kr., samanborið við 447,7 ma.kr. á sama tíma 2011. Aukningin skýrist fyrst og fremst af yfirtöku á íbúðalánasafni Kaupþings undir lok árs 2011.
- Heildareignir námu 880,1 mö.kr., samanborið við 805,3 ma.kr. í lok júní 2011.
- Eigið fé bankans í lok júní 2012 var 125,1 ma.kr. en nam 117,2 mö.kr. í lok júní 2011.

Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka:

„Afkoma bankans fyrstu sex mánuði ársins er viðunandi og í samræmi við okkar væntingar. Ég er ánægður með þann stöðugleika sem uppgjörnið sýnir. Afkoma bankans af reglulegri starfsemi var ásættanleg en þrátt fyrir góðan rekstur þá viljum við sjá þóknunatekjur bankans hækka og kostnað við rekstur bankans lækka. Að þessum þáttum munum við vinna á næstu misserum.

Á tímabilinu höfum við selt hluti í félögum sem við höfum þurft að taka yfir og má þar nefna hluti í Högum, N1, BM Vallá og Pennanum. Þetta hefur gengið vel og hafði jákvæð áhrif á afkomu bankans upp á um tvo milljarða króna. Einnig hefur virðisbreyting útlána jákvæð áhrif sem nemur rúmum þremur milljörðum króna.



Við höfum á þessum fyrstu mánuðum ársins unnið að því að auka fjölbreytni í fjármögnun bankans með útgáfu sértryggðra skuldabréfa, jafnt verðtryggðra sem óverðtryggðra. Markaðurinn hefur tekið útgáfu bankans með jákvæðum hætti og munum við halda áfram á þeirri braut.

Eitt helsta verkefni okkar á tímabilinu og fram á veg snýr að þjónustu við okkar viðskiptavini. Við leitum stöðugt leiða til að gera þjónustu okkar enn betri og eru í gangi innan bankans fjölmörg stór verkefni sem öll miða að þessu marki. Rík áhersla hefur verið á vöruþróun og nýlega kynntum við nýtt snjallsímaforrit, Arion banka appið, sem gerir notendum mögulegt að framkvæma margþættar aðgerðir með afar einföldum og þægilegum hætti í símanum. Það er ekki annað að sjá en að viðskiptavinir okkar kunni vel að meta þær nýju vörur og þá þjónustubætti sem bankinn hefur kynnt til leiks á undanförunum misserum.“

Nánari upplýsingar veitir Haraldur Guðni Eiðsson, samskiptasviði Arion banka, haraldur.eidsson@arionbanki.is, s: 856 7108.

Rekstrarreikningur – helstu atriði

Rekstrarreikningur				
Í milljónum króna	6 mán. '12	6 mán. '11	Mism.	%
Hreinar vaxtatekjur	13.880	11.160	2.720	24%
Hrein breyting á verðmati lána og krafna	2.532	3.944	(1.412)	(36%)
Samtals hreinar vaxtatekjur og matsbreyting	16.412	15.104	1.308	9%
Hreinar þóknunatekjur	5.338	5.099	(156)	5%
Hreinar fjármunatekjur	330	(38)	368	-
Hreinn gengishagnaður (tap)	(149)	1.977	(2.126)	-
Aðrar rekstrartekjur	3.006	2.350	656	28%
Rekstrartekjur	24.937	24.492	445	2%
Laun og launatengd gjöld	(6.169)	(5.516)	(653)	12%
Annar rekstrarkostnaður	(5.475)	(5.253)	(222)	4%
Hagnaður fyrir skatta	13.293	13.723	(430)	(3%)
Tekjuskattur	(2.913)	(2.517)	(396)	16%
Bankaskattur	(510)	(446)	(64)	14%
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	9.870	10.760	(890)	(8%)
Hreinar tekjur (gjöld) af aflagðri starfsemi	1.379	(568)	1.947	-
Hagnaður tímabilsins	11.249	10.192	1.057	10%

Rekstrartekjur

Rekstrartekjur á fyrri helmingi ársins 2012 námu 24.937 milljónum króna samanborið við 24.492 milljónir króna á sama tímabili 2011. Hækkunin er óveruleg milli ára en einstakir liðir eru þó verulega breyttir.

Hreinar vaxtatekjur á fyrri helming ársins 2012 námu 13.880 milljónum króna, samanborið við 11.160 milljónir króna á sama tímabili 2011. Aukningin skýrist einkum af mun stærra lánasafni og því að



samsetning vaxtaberandi eigna og skulda hefur breyst. Vaxtamunur af meðalstöðu vaxtaberandi eigna nemur 3,4% samanborið við 3,2% á sama tímabili fyrir ári.

Hrein breyting á verðmati lána og krafna fólst í tekjufærslu upp á 2.532 milljónir króna samanborið við 3.944 milljónir króna á sama tímabili 2011. Eins og á síðasta ári þá tengist virðishækkun lána endurskipulagningu lánasafnsins og voru nokkur umfangsmikil mál leidd til lykta á tímabilinu. Virðisbreytingin er nær eingöngu til komin vegna útlána til fyrirtækja.

Hreinar þóknunatekjur námu 5.338 milljónum króna samanborið við 5.099 milljónir króna fyrir sama tímabil árið 2011. Þóknarir af kortastarfsemi, lánastarfsemi og fyrirtækjaráðgjöf eru nokkru hærri en á sama tímabili í fyrra, sem skýrir hækkunina milli ára.

Hreinar fjármunatekjur námu 330 milljónum króna á tímabilinu samanborið við 38 milljóna króna tap á sama tímabili árið 2011. Verðbréfasafn bankans nemur um 147 milljörðum króna og því eru ofangreindar virðisbreytingar óverulegar.

Hreint gengistap nam 149 milljónum króna samanborið við hagnað upp á 1.977 milljónir króna á sama tímabili árið 2011. Unnið hefur verið að minnkun gjaldeyrisjöfnuðar bankans síðustu árin og á fjórðungnum náðist jöfnuðurinn niður fyrir 15% af eiginfjárgrunni bankans, sem er í samræmi við reglur Seðlabanka Íslands.

Aðrar rekstrartekjur námu 3.006 milljónum króna á tímabilinu samanborið við 2.350 milljónir króna á sama tímabili 2011. Helstu tekjur sem falla undir aðrar rekstrartekjur eru leigutekjur af atvinnuhúsnæði í eigu Landfesta og Landeyjar og tekjur af iðgjöldum hjá Okkar líftryggingum sem eru dótturfélög bankans. Hækkun milli ára er einkum vegna virðisbreytingar á fasteignum í eigu fasteignafélaga bankans og söluhagnaður af 20% hlut bankans í Ölgerð Egils Skallagrímssonar hf.

Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður á fyrri árshelmingi 2012 nam 11.644 milljónum króna samanborið við 10.769 milljónir króna á sama tímabili 2011. Kostnaðarhlutfall nam 52,0% samanborið við 52,4% á sama tímabili 2011 og kostnaður sem hlutfall af eignum nam 2,6% en 2,7% fyrir ári.

Laun og launatengd gjöld námu 6.169 milljónum króna á tímabilinu samanborið við 5.516 milljónir króna á sama tímabili 2011. Stöðugildi á fyrstu sex mánuðum ársins 2012 voru að meðaltali 1.159 samanborið við 1.251 á sama tímabili 2011. Laun og launatengd gjöld hafa m.a. hækkað frá fyrra ári vegna álagningar 5,45% fjársýsluskatts, gjaldfærslna vegna starfsmanna á uppsagnarfresti ásamt hækkun launa, sem er í takt við hækkun launavísitölu sem var 10,4% milli tímabila.

Annar rekstrarkostnaður nam 5.475 milljónum króna á tímabilinu samanborið við 5.253 milljónir króna árið 2011. Hækkun kostnaðar er m.a. tilkominn vegna hækkunar eftirlitsgjalda og almennra verðlagshækkana frá fyrra ári.

Skattar

Tekjuskattur nam 2.913 milljónum króna samanborið við 2.517 milljónir króna á sama tímabili árið 2011. Virkt tekjuskattshlutfall nam 21,9% á tímabilinu en var 18,3% á fyrri helmingi ársins 2011 en hækkunin er m.a. tilkomin vegna 6% viðbótar skatts á fjármálafyrirtæki á hagnað umfram einn milljarð króna.

Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki nam 510 milljónum króna samanborið við 446 milljónir króna á fyrra ári. Aukningin er einkum tilkomin vegna stækkunar á efnahag bankans.

Til viðbótar hafa Arion banki og dótturfélög hans greitt um 280 milljónir króna í fjársýsluskatt sem leggst á laun starfsmanna í fjármálaþjónustu, en skatturinn er 5,45%.



Aflögð stafsemi

Hreinar tekjur af aflagðri starfsemi námu 1.379 milljónum króna samanborið við tap að fjárhæð 568 milljónir króna á sama tímabili fyrir ári. Hagnaður bankans vegna sölu á stórum hluta af eignarhluta sínum í Högum á fyrri helmingi ársins nam 875 milljónum. Þá var hagnaður bankans vegna sölu á um 39% hlut bankans í N1 hf. 868 milljónir, en endanlega var gengið frá sölnni í byrjun júní eftir samþykki eftirlitsaðila. Tap af annarri aflagðri starfsemi og rekstri fullnustueigna í eigu bankans nam 364 milljónum króna.


Efnahagsreikningur – helstu atriði

Eignir					
Í milljónum króna	30.06.12	31.12.11	Mism.%	30.06.11	Mism.%
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	16.280	29.200	(44%)	23.867	(32%)
Útlán til lánastofnana	71.769	69.103	4%	72.063	(0%)
Útlán til viðskiptavina	578.886	561.550	3%	447.715	29%
Verðbréfaeign	147.140	157.659	(7%)	158.766	(7%)
Fjárfestingareignir	28.379	27.100	5%	26.484	7%
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	16.303	23.886	32%	38.641	(58%)
Aðrar eignir	21.293	23.623	(10%)	37.764	(44%)
Eignir samtals	880.050	892.121	(1%)	805.300	9%

Heildareignir Arion banka námu 880.050 milljónum króna í lok júní 2012 samanborið við 805.300 milljónir á sama tíma fyrir ári. Aukninguna má að mestu rekja til kaupa á íbúðalánasafni Kaupþings undir lok árs 2011. Þá hefur bankinn selt talsvert af yfirteknum eignum í tengslum við skuldauppgjör sem sést í verulegri lækkun á fastafjármunum til sölu og aflagðri starfsemi.

Útlán til viðskiptavina

Útlán til viðskiptavina námu 578.886 milljónum króna í lok júní 2012 samanborið við 447.715 milljónir króna á sama tíma fyrir ári. Útlán hafa því aukist um 131.171 milljón króna, þar af um 110.000 milljónir króna vegna yfirtöku íbúðalánasafns Kaupþings en aðrar hækkningar eru til komnar vegna nýrra lánveitinga, verðbólgu, gengismunar og endurmats á útlánasafni. Dreifing útlánanna er veruleg, þar sem lán til einstaklinga vega þyngst eða 39,1%, einkum íbúðalán.





Verðbréfaeign

Verðbréfaeign nam 147.140 milljónum króna í lok júní 2012 samanborið við 158.766 milljónir króna í lok júní 2011.

Verðbréfaeign					
Í milljónum króna	30.06.2012	31.12.2011	Mism.%	30.06.2011	Mism.%
Skuldabréf	128.853	140.568	(8%)	141.327	(9%)
Hlutabréf og hlutdeildarskírteini	15.408	14.045	10%	15.020	3%
Afleiðusamningar	1.363	674	102%	1.108	23%
Verðbréf til áhættuvarna	1.516	2.372	(36%)	1.311	16%
Verðbréf samtals	147.140	157.659	(7%)	158.766	(7%)

Arion banki nýtir lausafé sitt til m.a. til kaupa á auðseljanlegum skuldabréfum og sveiflur í skuldabréfaeign milli tímabila skýrast af þessu. Breyting á hlutabréfaeign tengist einkum yfirtöku á eignarhlutum í tengslum við skuldauppgjör fyrirtækja, í skráðum og óskráðum bréfum, bæði í íslenskum og erlendum félögum.

Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi

Eignir vegna *fastafjármuna til sölu og aflagðrar starfsemi* námu 16.303 milljónum króna í lok tímabilsins samanborið við 38.641 milljón króna í lok júní 2011. Lækkunin er einkum til komin vegna brotthvarfs Haga hf. og BM Vallár ehf. sem dótturfélaga úr eignasafninu en á móti kemur að eignarhlutur í HB Granda hf. hefur bæst við safnið frá fyrra ári. Bankinn vinnur að sölu þessara eigna og sér fram á að þær muni minnka nokkuð til ársloka 2012.

Skuldir og eigið fé					
Í milljónum króna	30.06.2012	31.12.2011	Mism.%	30.06.2011	Mism.%
Innlán lánastofnana og Seðlabanka	20.837	16.160	29%	75.345	(72%)
Innlán frá viðskiptavinum	445.249	489.995	(9%)	448.701	(1%)
Skuldir vegna aflagðrar starfsemi	4.174	4.950	(16%)	11.911	(65%)
Aðrar skuldir	59.519	47.150	26%	51.956	15%
Lántaka	192.953	187.203	3%	66.894	188%
Víkjandi lántaka	32.175	32.105	0%	33.244	(3%)
Eigið fé	125.143	114.558	9%	117.249	7%
Skuldir og eigið fé samtals	880.050	892.121	(1%)	805.300	9%

Heildarskuldir námu 754.907 milljónum króna í lok júní 2012 samanborið við 688.051 milljón króna í lok júní 2011. Ástæða þessarar aukningar er einkum yfirtakan á 117.000 milljón króna útgáfu Kaupþings sem tryggð er með yfirteknu íbúðalánasafni. Til viðbótar hefur önnur lántaka aukist með nýrri sértryggðri skuldabréfaútgáfu upp á um 5.000 milljónir króna á fyrri helmingi ársins 2012.

Innlán

Heildarinnlán bankans námu 466.086 milljónum króna samanborið við 524.046 milljónir króna í lok júní 2011. Rétt eftir mitt ár 2011 skilaði Kaupþing inn bankaleyfi sínu og við það fluttust innstæður félagsins hjá Arion banka milli flokka í efnahagsreikningi, en það hafði ekki áhrif á heildar innlán. Á fyrsta ársfjórðungi 2012 tók einn stærsti innlánseigandi bankans út innstæður sínar í tengslum við uppgjör við erlendan kröfuhafa sinn með aðkomu Seðlabankans og fleiri aðila. Við þessa breytingu telur bankinn að gæði innstæðna hafi batnað og lausafjár- og reiðufjárhlutföll séu nú umtalsvert



heilbrigðari en áður. Þrátt fyrir lækkun innlána á síðustu misserum hefur bankinn haldið sínum hlut á innlánamarkaði í flestum flokkum, það er kerfið í heild sinni sem er að minnka með auknum fjárfestingatækifærum á öðrum sviðum.

Lántaka

Lántaka bankans nam 192.953 milljónum króna í lok júní 2012 samanborið við 66.894 milljónir króna í lok sama tímabils 2011. Hækkunin skýrist af nýjum lánnum, annars vegar yfirtekin útgáfa frá Kaupþingi upp á um 117.000 milljónir króna í tengslum við kaup á íbúðalánasafni og hins vegar ný útgáfa á verðtryggðum sértryggðum skuldabréfum á fyrri helmingi ársins 2012 upp á um 5.000 milljónir króna. Þá hefur hækkun á vísitölu neysliverðs nokkur áhrif þar sem talsverður hluti skulda bankans er verðtryggður.

Víkjandi lántaka

Víkjandi lántaka bankans nam 32.175 milljónum króna í lok júní 2012 samanborið við 33.244 milljónir í lok júní 2011. Breytingin er óveruleg og er eingöngu tengd hreyfingum á gengi erlendra mynta sem lánin tengjast.

Eigið fé

Eigið fé bankans nam 125.143 milljónum króna í lok júní 2012 samanborið við 117.249 milljónir króna í lok annars ársfjórðungs 2011. Breytingin er fyrst og fremst vegna hagnaðar á tímabilinu en á móti kemur lækkun á skuld við minnihluta vegna brotthvarfs Haga úr samstæðunni.



Kennitöluyfirlit

Kennitölur

	6 mán. '12	6 mán. '11	Árið 2011	Árið 2010
Arðsemi eigin fjár	18,8%	20,3%	10,5%	13,4%
Arðsemi eigna	2,5%	2,6%	1,4%	1,5%
Vaxtamunur á vaxtaberandi eignir	3,4%	3,2%	3,4%	2,7%
Vaxtamunur á heildareignir	2,8%	2,8%	2,9%	2,4%
Kostnaðarhlutfall	52,0%	52,4%	52,5%	54,2%
Kostnaður sem hlutfall af eignum	2,6%	2,7%	2,7%	2,2%
CAD hlutfall (Eiginfjárlutfall FME)	22,3%	21,4%	21,2%	19,0%
Tier 1 hlutfall	17,5%	16,5%	16,4%	15,2%
Útlán sem hlutfall af innlánnum	130,0%	99,8%	114,6%	98,5%
Lausafjárlutfall	31,6%	35,0%	34,7%	24,8%
Reiðufjárlutfall	14,5%	16,0%	15,3%	11,2%
Meðalfjöldi stöðugilda	1.159	1.251	1.217	1.159
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils - samstæða	1.173	1.248	1.158	1.241
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils – móðurfélag ¹	920	899	858	936

1) Starfsmenn Verdis eru hluti af tölum móðurfélagsins árið 2012

Fjárhagsdagatal 2012

Samkvæmt áætlun munu árshluta- og ársuppgjör bankans birtast í neðangreindum vikum. Dagatalið er birt með fyrirvara um breytingar.

3. ársfjórðungur 2012	Vika 48
4. ársfjórðungur 2012	Vika 9 2013
Aðalfundur 2013	Mars 2013

Upplýsingar um afkomu bankans má finna á vef [Arion banka](#).